

## Fundargerð í Rallýráði AKÍS

Fundur haldinn 10. febrúar 2020 að Lynghálsi 2 kl. 18.20

Mættir Ísak Guðjónsson, Garðar Gunnarsson, Aðalsteinn Símonarson.

Þórður Ingvason var forfallaður.

---

### Flokkur óbreyttra bíla án túrbínu:

Klúbbarnir eru að vinna í að gera kostunarsamning um Íslandsmótið, líkt og í gildi var við AB undanfarin þrjú ár. Vonast er til að þau mál komist á hreint á næstu vikum.

Garðar mun fylgja því máli eftir.

### Aldur ökumanna í rallý:

Til umræðu hefur verið um nokkurt skeið að leyfa ökumönnum frá 15 ára aldri að aka í rallý.

Samkv. þeim rallýreglum sem gilt hafa hérlendis til margra áratuga hefur ökumaður þurft að hafa gilt ökurkírteini til að aka bíl. Umferðarlög hafa hinsvegar sagt að á lokuðum brautum, sem sérleiðar eru, megi 15 ára ökumenn aka að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ekki er enn búið að setja reglugerð um akstursíþróttir á grundvelli nýrra umferðarlaga og því ekki ljóst hvort yfirvöld muni halda þessum möguleika opnum en það er líklegt.

Eftir nokkra umræðu ákvað keppnisráðið að í nýjum rallýreglum yrði ekki lagt bann við því að ökumaður sem náð hefur 15 ára aldri mætti aka keppnisbíl á sérleiðum, samræmist það íslenskum lögum að öðru leyti.

### Rallýreglur 2020:

Lesið var yfir reglurnar sem sendar höfðu verið til ráðsins 5. febrúar. Sérstaklega voru skoðaðir kaflarnir um öryggismál, keppnisnúmer, merkingar, endurkomu (rallý 2) og starfsmenn.

Reglurnar voru samþykktar eins og þær lágu fyrir efnislega og var Aðalsteini gefin heimild til að vinna þær áfram til útgáfu, þó uppröðun og framsetning myndi e.t.v. breytast enn frekar.

### Önnur mál:

- Halda þarf fund með keppnishöldurum, og í framhaldi af honum með keppendum, og kynna vel breytt regluumhverfi, þ.e. þrískiptingu reglanna í Reglubók, greinarreglur og sérreglur fyrir hverja keppni. Ákveðið að gera það þegar greinarreglurnar verða tilbúnar, eða fljótlega eftir ársþing AKÍS sem auglýst hefur verið 14. mars. n.k.
- Væri gott ef hægt væri að hafa aftur eins og í fyrra einn gamlan og reyndann sem væri í dómnefnd í öllu keppnum og tryggði samfellu og þekkingu. Vinnum í því.

Fundi slitið kl. 20.55

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson